

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
101 Reykjavík

Efni: Athugasemdir Norðurlandskóga varðandi tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026

Norðurlandskógar vilja koma á framfæri nokkrum athugasemdum um landsskipulagstillöguna er varða umfjöllun um skógrækt.

Almennt er ekki fjallað mikið um skógrækt sem landnýtingu í skipulagstillögunni og til grundvallar hafa ekki verið lagðar þær skýrslur sem unnar hafa verið á undanförunum árum sem fjalla um skógrækt. Má þar nefna skýrslu nefndar um mörkun langtímastefnu íslenskrar nytjaskógræktar í samræmi við lög um landshlutaverkefni í skógrækt, sem unnin var fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið í október 2010. Einnig má nefna Skógar á Íslandi, stefna á 21. öld, sem einnig er skýrsla sem unnin var að beiðni ráðherra. Norðurlandskógar gera alvarlega athugasemd við að m.a. þessar skýrslur hafi ekki verið lagðar til grundvallar vinnu við landsskipulag.

Athugasemdir við einstakar greinar tillögunnar:

2.3.1 Skipulag landbúnaðarlands

.....Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu sambætt sjónarmið skógræktar, landbúnaðar og útivistar.

Breytingatillaga á geininni:

.....Landi sem hentar vel til ræktunar, **þ.m.t. skógræktar**, verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið **af landsskipulagsstefnu í skógrækt.**

Greinargerð með breytingatillögu:

Skógrækt er þjóðhagslega arðsöm búgrein sem mikilvægt er að sé valkostur landeigenda sem vilja nýta sitt land með sjálfbærum hætti. Landsskipulagsstefna fyrir skógrækt hefur ekki enn verið unnin, en brýnt er að hafist verði handa við þá vinnu sem fyrst.

2.3.2 Flokkun landbúnaðarlands

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið í samstarfi við Skipulagsstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landgræðslu ríkisins og Bændasamtök Íslands stendur fyrir gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands til nota við skipulagsgerð og aðra stefnumótun um landnýtingu.

Breytingatillaga á greininni:

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið í samstarfi við Skipulagsstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landgræðslu ríkisins, **Skógrækt ríkisins** og Bændasamtök Íslands stendur fyrir gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands til nota við skipulagsgerð og aðra stefnumótun um landnýtingu.

Greinargerð með breytingatillögunni:

Skógrækt er stór þáttur landnýtingar, ótækt er að fulltrúar skógræktar í landinu, eigi ekki fulltrúa í vinnu við flokkun landbúnaðarlands. Lagt er til að í hópinn bætist fulltrúi Skógræktar ríkisins.

Um markmið 2.3. Sjálfbær nýting landbúnaðarlands

Á síðustu árum hefur kornrækt aukist verulega. Mest er kornræktin á Suðurlandi. Talið er líklegt að matvæla- og kornverð muni fara hækkandi og að hagkvæmni kornræktar hér á landi geti aukist í framtíðinni.1

Breytingatillaga á greininni:

Á síðustu árum hefur kornrækt aukist verulega. Mest er kornræktin á Suðurlandi. Talið er líklegt að matvæla- og kornverð muni fara hækkandi og að hagkvæmni kornræktar hér á landi geti aukist í framtíðinni.1

Skógrækt hefur einnig aukist verulega á undanförunum árum og talið er líklegt að arðsemi skógræktar verði veruleg í framtíðinni.

Greinargerð með breytingatillögunni:

Vafasamt er að tilgreina eina landnotkun fram yfir aðra varðandi arðsemi og framtíðarmöguleika.

Í skýrslu nefndar um mörkun langtímastefnu íslenskrar nytjaskógræktar í samræmi við lög um landshlutaverkefni í skógrækt, sem unnin var fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið í október 2010 segir:

„ Á sama hátt og æskilegt er fyrir eyþjóð að hafa tryggt fæðuframboð eins og fram kemur í skýrslu landnýtingarnefndar, þá er einnig æskilegt að til sé viður í miklu magni, standandi skógur, til margvíslegra nota. „

(Skýrsla nefndar um mörkun langtímastefnu íslenskrar nytjaskógræktar í samræmi við lög um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006, bls. 49)

F.h. Norðurlandsskóga

Valgerður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri